



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Tillaga um íbúakosningar samhliða almennum kosningum.

Vísað er til erindis stjórnkerfis- og lýðræðisráðs dags. 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um um tillögu ráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að fram fari íbúakosning í Reykjavík samhliða borgarstjórnarkosningum árið 2018. , sbr. 5. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 23. janúar 2017. Tillagan er svohljóðandi: "Stjórnkerfis- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar samþykkir að leggja til við Borgarstjórn Reykjavíkur að fram fari íbúakosning í Reykjavík samhliða borgarstjórnarkosningum 2018. Stjórnkerfis- og lýðræðisráði verði falin undirbúningur og að leggja fram tillögur að spurningum sem lagðar yrðu fyrir borgarbúa í kosningunum."

Á fundinum var samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar og er óskað eftir því að að í umsögninni komi fram sundurliðun á kostnaðarmati vegna stakra íbúakosninga annars vegar og kosninga samhliða sveitarstjórnarkosningum hins vegar.

Umsögn:

Um framkvæmd borgarstjórnarkosninga gilda lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Um íbúakosningar gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Í lögum um kosningar til sveitarstjórna kemur fram að almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu og verða næstu kosningar því haldnar 26. maí 2018. Í lögum kemur jafnframt fram að sveitarstjórnir gera kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga, auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi, taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár, leiðréttu kjörskrár, skipta sveitarfélaginu í kjördeildir og ákveða kjörstaði, kjósa yfirkjörstjórnir, taka við úrskurði yfirkjörstjórnar um kjörgengi og halda uppkosningu. Yfirkjörstjórnir, í umboði sveitarstjórnar bera að öðru leyti ábyrgð á framkvæmd kosninganna en vísað er til ákvæða laga um kosninga til Alþingis vegna kjörgagna, atkvæðagreiðslu utan kjörfundar o.m.fl. Um framkvæmd kosninganna kemur fram í XIV kafla laga um kosninga til Alþingis, þar sem fjallað er um atkvæðagreiðslu á kjörfundi kemur m.a. fram að fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd í kjördeild þegar kjörfundur er settur en í hverri kjördeild skal vera undirkjörstjórn, skipuð þremur mönnum, sem sveitarstjórn kýs og jafnmarga til vara. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti. Meðan á kosningarathöfninni stendur skal kjörstjórnin

sitja við borð í kjörfundarstofunni. Aldrei má nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan nema varamaður sé tiltækur.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla:

Borgarstjórn þyrfti að taka afstöðu til þess hvort bjóða ætti upp á atkvæðagreiðslu utan kjörfundar vegna íbúðakosninganna. Ef gert yfir ráð fyrir slíku myndi það verkefni væntanlega falla í skaut Reykjavíkurborgar og gera þyrfti ráð fyrir launakostnaði við framkvæmd hennar.

Undirbúningur:

Í yfirkjörstjórn Reykjavíkur sitja 3 menn og 3 til vara, en til samanburðar má benda á að við framkvæmd annara almennra kosninga sinna tvær 5 manna yfirkjörstjórnir sömu verkum. Aukin verkefni samhliða borgarstjórnarkosningum myndi því leiða til þess að kalla þyrfti varamenn inn til að sinna undirbúningi auk þess sem bæta þyrfti við aðstoð við verkefnisstjóra kosninga á skrifstofu borgarstjórnar. Þar sem umfangið er óljóst er ekki unnt að áætla nákvæman kostnað vegna þess en gera má ráð fyrir að kostnaður við yfirkjörstjórn tvöfaldist en að annar undirbúningskostnaður verði óverulegur.

Kosningin:

Ekki er alveg ljóst af orðalagi fyrirspurnarinnar við hvaða fyrirkomulag ber að miða þegar lagt er til að íbúakosning "fari fram samhliða". Til hægðarauka er því gert ráð fyrir því að hugmyndin sé að íbúakosningum verði bætt við almennar kosningar að öllu öðru óbreyttu. Þá er gert ráð fyrir því að í hverri kjördeild beri kjörstjórn ábyrgð á því að taka á móti kjósendum sem ætla að kjósa í báðum kosningum eða öðrum hvorum þeirra, merkja við í kjördeildarþóttum, afhenda báða kjörseðla á sama tíma og fylgjast með því að báðum kjörseðlum sé skilað í rétta kassa. Þá þarf að taka afstöðu til þess hvort fjölga þurfi starfsmönnum í kjördeild og um hvað marga, hvort fækka þurfi kjósendum í kjördeild og um hvað marga og/eða hvort fjölga þurfi kjördeildum og jafnvel kjörstöðum. Hvaða leið sem valin verður mun leiða til þess að fjölga þarf starfsfólki í kjördeildum og má gera ráð fyrir a.m.k. 30% aukningu, bæði í undir- og hverfiskjörstjórnnum.

Talning:

Við talningu atkvæða í borgarstjórnarkosningum starfa ca. 80 manns. Afstemming og flokkun atkvæða hefst ca. kl. 18:00 á kjördag eftir að talningarstaðurinn hefur verið innsigliður og talningu er lokið á bilinu 04:00 - 06:00 um morguninn. Um er að ræða rúmlega 10 tíma vakt hjá vönu talningarfólki. Talning atkvæða í borgarstjórnarkosningunum myndi alltaf hafa algeran forgang þar sem beðið er eftir þeim tölum. Líklegt er að talning atkvæða í meðfylgjandi íbúðarkosningum myndi ekki fara fram fyrr en á sunnudegi eða mánudegi. Kostnaður myndi því næstum tvöfaldast vegna talningar auk þess sem gera þyrfti ráð fyrir öryggisgæslu á atkvæðunum sem bíða eftir talningu.

Eins og fram kemur í fyrri umsögnum skrifstofunnar gera öryggis- og hagkvæmnissjónarmið það að verkum að ekki er mælt með því fyrirkomulagi að halda íbúakosningar samhliða almennum kosningum þar sem stórlega myndi draga úr öryggi við báðar kosningar þótt borgarstjórn geti tekið þá ákvörðun að halda slíkar kosningar á sama tíma. Við borgarstjórnarkosningar er Reykjavík eitt kjördæmi með ca. 90.000 manns á kjörskrá. Kosið er á 12-15 stöðum í rúmlega 80 kjördeildum, en gert er ráð fyrir á bilinu 900-1200 kjósendum í hverri deild. Á kjördag eru hátt í 500 manns að störfum við framkvæmd kosninganna, talningu og frágang. Þegar tvennar kosningar fara fram á sama tíma eru allar líkur á því

nauðsynlegt sé að hafa tvöfalda kjörskrá og tvo kjörkassa inni í hvorri kjördeild. Talning þyrfti að fara fram á tveimur stöðum ef telja ætti á sama tíma. Það yrði töluverðum erfiðleikum háð að manna slíka framkvæmd með reynslumiklu fólki.

Raunkostnaður vegna kosninga í Reykjavík, hvort sem um er að ræða eitt eða tvö kjördæmi, hefur verið á á bilinu 75 til 80 mkr. Þar er launakostnaður langstærsti liðurinn ca. 45 mkr. en þar er ótalinn kostnaður við þóknunir yfirkjörstjórna. Gera má ráð fyrir að kostnaður við að halda íbúakosningar samhliða einsog rakið var að ofan geti verið allt að 40 mkr. til viðbótar. að mestu launakostnaður.

Í X. kafla stjórnsýslulaga nr. 138/2011 er fjallað um samráð við íbúa þ.m.t. íbúakosningar. Þar kemur m.a. fram að sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess þar sem farið skal eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna. Rétt til þátttöku í íbúakosningunum eiga þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn og eru niðurstöður hennar ráðgefandi nema sveitarstjórn ákveði annað. Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að ef 20% þeirra sem kosningarrétt eiga í Reykjavíkurborg óska almennrar atkvæðagreiðslu skal borgarstjórn verða við því innan árs frá því að slík ósk berst. Í samræmi við þessi ákvæði sveitarstjórnarlaga um íbúðakosningar hefur verið sett reglugerð m undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár. Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja að íbúar í sveitarfélögum geti við íbúakosningar, kosið í rafrænni atkvæðagreiðslu á netinu, prófa og innleiða rafræna kjörskrá og nýja tækni við íbúakosningar þar sem eðlilegar kröfur um leynd við kosningar, réttindi kjósanda og örugga framkvæmd kosninga eru uppfylltar. Heimildin gildir um framkvæmd íbúakosninga í þeim sveitarfélögum þar sem ráðherra hefur heimilað að fram fari íbúakosning með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna kosningarinnar verði rafræn.

Skrifstofa borgarstjórnar hvetur til þess að Reykjavíkurborg nýti heimildir m.a. um rafræna atkvæðagreiðslu í samræmi við ákvæði laganna og blandi íbúakosningum ekki saman við framkvæmd borgarstjórnarkosninga. Sparnaður við að halda tvennar kosningar á sama tíma er óverulegur miðað við þá áhættu sem tekin er við að flækja framkvæmd borgarstjórnarkosninganna sjálfra.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar